

Íbúaráð Kjalarness 11. mars 2021: Tillaga íbúaráðs Kjalarness dags 11. mars 2021 um úttekt og úrbætur á heimreiðum á Kjalarnesi

Íbúaráð Kjalarness leggur til við borgarráð að gerð verði úttekt á heimreiðum í dreifbýli á Kjalarnesi og gerðar úrbætur þar sem þörf er á slíku.

Greinargerð

Heimreiðar í dreifbýli á Kjalarnesi eru víða í mjög bágbornu ástandi. Við sameiningu Kjarnesshrepps og Reykjavíkur stóð til að fara í endurbætur á heimreiðum en ekki hefur orðið af slíku. Ekki er alltaf ljóst hver telst eigandi heimreiðanna og hafi á þeim viðhaldskvöð. Dæmi eru um að þetta séu gamlir sýsluvegir og viðhald þeirra hjá Vegagerðinni en vetrarþjónusta hjá borginni. Viðhaldi þessara heimreiða er víða ábótavant og mikilvægt að gerð verði áætlun um úrbætur.